

## **Fyrsti stjórnarfundur Dýraverndarsambands Íslands 26. október 2017 kl.16:30-19:00**

Fund sitja Hallgerður Hauksdóttir formaður, Benedikt Axelsson ritari, Steindór Pálsson gjaldkeri og Guðfinna Kristinsdóttir meðstjórnandi. Sif Traustadóttir meðstjórnandi mætt á Skype. Hanna Arnórsdóttir boðar seinkun. Sif vikur af fundi kl. 18:30 og Hanna Arnórsdóttir mætir á sama tíma.

Fundur settur kl.17:00

### **1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar**

Tvær síðustu fundargerðir frá og 05.04 og 18.04 lesnar og samþykktar eftir smávægilegar lagfæringar.

### **2. Praktísk mál**

Framvinda sölu hluta húsnæðis DÍS yfirfarin og rædd. Salan er gengin í gegn, vinna við skiptingu húsnæðis er langt komin, en hluti af samningi við kaupendur er að þeir gangi frá verklegum framkvæmdum þar að lútandi. Salerni og eldhús verða tilbúin bráðlega, og þá verður hægt að fara að koma sér fyrir í okkar hluta, en það er sá hluti sem var fundarsalur.

Ljósaskiltið sem fyrirtækið Frum skildi eftir við brottflutning fæst væntanlega fært yfir til okkar svo hægt sé að hafa okkar húsnæði merkt okkur. Benni athugar málið.

Ýmislegt er nú í húsnæðinu sem ekki verður pláss fyrir, en þar er helst um að ræða 11 borð og 30 stóla sem keypt var á sínum tíma, og þar liggja einhver verðmæti. Samþykkt að reyna að selja þennan hluta síðar en gefa aðra smámuni til góðgerðarmála.

Farið yfir afgreiðslu skjala, innborganir vegna húsnæðis, afsöl og fleira.

Starfsmaður hefur sinnt venjubundnum störfum í sumar, auk þess að vinna að því að finna nýjan starfsmann. Rætt hefur við ráðningarskrifstofur, verkefnisstjóra og fleiri og útkoman úr því er í raun að nauðsyn er að fá fagaðila til að skipuleggja starfið, útfæra lagaumhverfi og þess háttar áður en ráðið er. Lögfræðingur hefur boðist til að vinna fyrir félagið við útfærslu lagaumhverfis, halda etv. utan um viðræður við lögreglu ofl. gegn tiltölulega vægu gjaldi. Samþykkt að ganga til viðræðna við hana og etv fá hana á fund okkar.

Einnig er rætt að útvista ákveðnum verkefnum og "bureokratíu", til dæmis varðandi félagaskrá í gegn um Miðlun o.fl., útvistun lögfræðilegra mála ásamt verkefnisstjórn vegna starfsskipulags. Einnig rætt hvert starfsvið og starfslýsing starfsmanns verður og hvaða kostum hann þarf að vera gæddur. Formaður segir frá samræðum við verkefnisstjóra sem getur tekið að sér að vinna slíka vinnu, búa til ramma og starfslýsingu vegna ráðningar starfsmanns auk þess að skoða strúktúrinn í stjórn DÍS, öflun stjórnarmanna og annara atriða. Samþykkt að ráða viðkomandi aðila og hitta hann á einum til tveimur fundum, fyrst á næsta fundi 02.nov.

Oft hefur verið rætt um blaðagreinar sem áhrifaríka leið til kynningar á félaginu og til að vekja áhuga á dýravelferð. Stjórnarmenn hafa etv ekki verið nógu öflugir í þessu tilliti, og liggur fyrir að ef nýr starfsmaður verður ekki góður greinaskrifari verður etv. nauðsyn að útvista slíku að hluta til. Einn blaðamaður og annar ritfær aðili hafa lýst sig reiðubúna til samvinnu við DÍS í blaða- og útgáfumálum.

Rætt hefur verið óformlega við tvo dýralækna sem mögulega starfsmenn og gefur annar þeirra hugsanlega kost á sér sem næsti starfsmaður. Samþykkt að ganga til viðræðna við hana til að byrja með, en ekki verður ráðið í starfið fyrr en verkefnisstjóri hefur lokið sínum skipulagsstörfum.

Ráðast þarf í vinnu vegna sjóða tengdum DÍS og ljóst að ráða þarf endurskoðanda til að koma skráningu og utanumhaldi þeirra í gott horf. Hallgerður fær umboð til að leita til þess endurskoðanda sem starfað hefur fyrir félagið.

Rætt um utanumhald og lagaumhverfi varðandi vilja fólks til að arfleiða DÍS að fjármunum, mögulega launaða fundarsetu stjórnarmanna omfl. Fundartími í vetur ræddur, margir eru uppteknir á vanabundnum fundartímum svo ákveðið er að athuga hvort hægt er að halda fundi á þriðjudögum fyrri hluta vetrar.

### **3. Málefni vetrarins. - Frestað til næsta fundar**

4. Önnur mál. – Fundartími var liðinn, ekki voru rædd mál undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 19:10

Næsti fundur boðaður 02.nov, nánar tímasett síðar.

---

## **Annar stjórnarfundur Dýraverndarsambands Íslands 05. desember 2017 kl.19:00-21:30**

Fund sitja Hallgerður Hauksdóttir formaður, Benedikt ritari afboðar, Steindór gjaldkeri mætir, Sif meðstjórnandi er á Skype og Guðfinna meðstjórnandi mætir, Hanna meðstjórnandi afboðar.

### **1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar**

Fundargerð lesin og samþykkt með smávægilegum breytingum.

Greint frá vinnufundi með verkefnisstjóra 2.nóv, þar sem undirbúningsvinna var unnin að starfslýsingu. Ekki var haldin fundargerð þeim fundi, en hann var til þess að kynna verkefnastjóra vilja og stefnu stjórnar varðandi starfslýsingu fyrir umboðsmann dýra.

### **2. Praktísk mál.**

Skiltið frá Frum: ákveðið að þiggja skiltið. Eftir er að fá mann til að setja það upp og útbúa þarf límmiða í það. Það þarf rafvirkja til að setja upp innstungur og ljós eldhúsmegin og skipta ljósunum í loftinu á amk tvo slökkvara. Búið er að setja upp salerni og vask, smáræði eftir í frágangi. Ákveðið að setja flísar á milli efri og neðri skápa í eldhúsi og óska eftir að gólfíð í baðherbergi verði flísalagt. Lögfræðingur vegna mats á lagaumhverfi starfsmanns gerði tilboð sem félagið ræður ekki við. Ákveðið að skoða fleiri lögfræðinga og fagaðila og skoða betur á næsta fundi.

Miðlun söfnun gengur vel og rætt um næstu skref, ákveðið að veita Miðlun umboð til að verja 1.500.000 kr. m.vsk til næstu söfnunar á svokölluðum köldum lista á næsta ári og sjá til þegar það er komið. Setja þurfi aðrar öflunarleiðir inn í samning eða í samningsferli áður en hafist er handa við þær. Félagsgjöld innheimta, aht kostnað hjá bókra. KPMG hefur samþykkt að taka að sér að sækja sjóði okkar eða athuga hvað þarf til þess.

### **3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf.**

FEIF: Hallgerður setur upp bréf mtt dýravelferðar sem verði sent á FEIF og íslensku hestatengdu félögin. Ákveðið að starfsheiti starfsmanns verði Umboðsmaður dýra og að skrifuð verði grein til að kynna þá hugmynd.

### **4. Hitta fagráðsfulltrúa og framvinda fagráð.**

Fulltrúi fagráðs komi á fund stjórnar í janúar. Minkahundar hvernig notaðir, hvað sé leyfilegt. Fiskeldi, fjalla um eðlileg afföll mv bestu þekkingu á fiskum. Dalsmynni, slík ræktunarbú. Verklagsreglur fagráðs.

### **5. Fara yfir mikilvægi-kvarða verkefnastjóra**

Stjórn sest yfir að fylla út í skjal sem verkefnisstjóri hefur útbúið þar sem meta á mikilvægi verkþátta svo hægt sé að setja upp góða starfslýsingu fyrir umboðsmann dýra. Restin af fundartímanum fer í þessa vinnu en ljúka verður við skjalið á næsta fundi.

### **6. Dýravelferðarmál á döfinni**

Hrafnar veiði: ákveðið að athuga betur og styðja fuglavini sem hafa bent á ofveiði hrafna, hreindýr veiðitími, fylgja betur eftir. Bæði hreindýr og hrafnar eiga heima hjá

Umhverfisráðuneytinu/Umhverfisstofnun.

Þyngd knapa velferð hesta (frestað).

### **7. Dýraverndari ársins 2017, velja, og tvo sem fá styrki.**

frestað þar til næst

### **8. Önnur mál. Frestað.**

Ákveðið að hafa tvo fundi í desember, annan þann 12 og hinn þann 19 kl. 19-21:30. Svo jólafrí.

---

## **Priðji stjórnarfundur DÍS 2017-18, 19. desember kl. 19-21:30**

Fundurinn var færður frá 12 des til 19 des.

Mættir voru Hallgerður formaður, Steindór gjaldkeri, Guðfinna meðstjórnandi og Sif meðstjórnandi um netið. Benedikt og Hanna mæta ekki.

### **1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar**

Lesin og samþykkt með smávægilegum athugasemdum.

### **2. Praktísk mál.**

Setja framhlið á girðingu fyrir framan húsið á okkar kostnað, samþykkt. Ath betur með dúk á baðherbergi, rætt verði við verktaka og samið um að við kaupum dúkinn og þeir setji hann niður.

### **3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf.**

Bréf til Feif tekið fyrir og framunnið. Sif mun snara á ensku. Verði einnig snarað á þýsku og sent á e þ og í. Birta bréfið á heimasíðu. Finna rannsókn Sigríðar Björnsdóttur og setjum hlekk á hana með bréfinu.

**4. Fara yfir mikilvægi-kvarða verkefnastjóra** skjal klárað, verður sent verkefnastjóra.

**5. Dýravelferðarmál á döfinni.** *skoða áfram: þyngd knapa, verksmiðjubú, Dalsmynni, bogagildir, minkahundar, fiskeldi, hrafnar, hreindýr (ath áfram hverju við viljum beina til fagraðs). Frestað.*

### **6. Dýraverndari ársins 2017, velja, og tvo sem fá styrki**

Álitlegir: K og V + 2\*100.000 styrk til beggja.

### **7. Önnur mál**

Dýraverndarinn, tímaritið. Leita til prófarkalesara og kanna verð. Taka fyrir á næsta fundi.

Næsti fundur er boðaður 9. Janúar 2017 kl 19:00

---

## **Fjórði stjórnarfundur DÍS 2017-18, 16. janúar kl. 19-21:30**

Mættir Hallgerður formaður og Sif meðstjórnandi um skype. Guðfinna og Hanna meðstjórnendur aðeins seinar. Benedikt ritari og Steindór gjaldkeri boðuðu forföll. Hallgerður ritar fundargerð í fjarveru ritara.

### **1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar**

Fundargerð lesin og samþykkt með smávægilegum breytingum.

### **2. Praktísk mál.**

Kaupendur samþykktu skjólgirðinguna og eru tilbúnir til að setja niður dúk á baði ef við kaupum hann. Búið er að finna viðurkenndan bókara sem tekur að sér bókhald félagsins hann er samþykktur. Búið er að finna góðan prófarkalesara fyrir Dýraverndarann og er samþykktur.

Endurskoðandi hefur samþykkt að taka að sér að tryggja umboð sjóða félagsins. Fyrirhugað er að fulltrúar Miðlunar komi á fund hjá stjórn DÍS fljótlega.

### **3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf**

Sif skilar bréfi til FEIF á ensku í næstu viku. Ekki eru önnur bréf eða greinar.

### **4. Tillögur frá verkefnastjóra og næstu skref**

Farið yfir starfslýsingu og framunnið og samþykkt. Stefnt á að fá kandiðat í viðtal á næsta fundi.

**5. Dýravelferðarmál á döfinni.** *skoða áfram: þyngd knapa, verksmiðjubú, Dalsmynni, bogagildir, minkahundar, fiskeldi, hrafnar, hreindýr (ath áfram hverju við viljum beina til fagraðs). Frestað.*

### **6. Dýraverndari ársins 2017. framhald. Frestað.**

**7. Önnur mál.** Engin sérstök.

**8. Fulltrúi okkar í fagráði um velferð dýra kemur í heimsókn kl. 21:00**

Fulltrúinn kemur kl. 20:45 og rætt er um málefni fagráðs, m.a. eyrnamerkingar villikatta og ferlun mála hjá fagráði og hjá Mast. Sif og Hanna víkja af fundi 21:16.

Fundi er slitið 21:40.

**Næsti fundur er boðaður fimmtudaginn 25. janúar kl. 19:00 -21:30. Verður hugsanlegur kandídat til starfsins boðaður á fundinn.**

---

**Fimmti stjórnarfundur DÍS 2017-18, 15. mars kl. 19-21:30**

Mættir Hallgerður formaður og meðstjórnendur Sif (fjarskipti), Guðfinna og Steindór gjaldkeri. Benedikt ritari boðaði forföll og ekki vitað um Hönnu meðstjórnanda. Hallgerður ritar fundargerð í fjarveru ritara. Fundur hefst 19:35

**Fundarefni:**

**1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar**

Hún er samþykkt með lagfæringum.

**2. Praktísk mál.**

Framvinda í húsinu: unnið að leyfi fyrir samþykkt íbúðanna, en athuga galla á samningi um sérafnotarétt á bílastæðum. Virðist sem stæðin séu teiknuð ofan á stéttina við húsið. Fyrirhugað er að halda húsfund í húsinu. Athuga verði með réttarstöðu, hugsanlega að fá mat lögfræðings.

**3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf.**

Hugmynd rædd um greinaröð um hlutgervingu og manngervingu dýra. Jafnvel málþing í framhaldi. Hallgerður hefur áhuga á að skrifa um þetta.

**4. Erindi vegna skrautfiskalyfja**

Það þarf að kanna betur. Að sögn dýralæknis sem Hallgerður ræddi við myndu þeir láta myndir eða myndbönd af fiskum nægja til að kaupa þessi lyf, svo ekki þyrfti að flytja fiskana.

**5. Dýravelferðarmál á döfinni**

Fiskeldi velferð er stórt mál sem bíður nýs starfsmanns. Minkaveiðihundar látnir drepa minka: Hallgerður er búin að safna gögnum, en þetta er stærra en þessi eini veiðmaður. Ath hvort Reykjavíkurborg notar þjónustu hans? Einnig þarf að sporna gegn drekkingargildrum. Við teljum þetta verkefni mjög stórt og þurfi mikinn undirbúning og bíði nýja starfsmannsins. Stjórn DÍS telur að bregðast þurfi við niðurstöðum áverkaleitar á hestum á LM til þriggja ára. Hallgerður mun gera tillögu að bréfi til LH. Þyngd knapa velferð hesta: frestað.

**6. Dýraverndari ársins 2017, ákveða.**

Ákveðið að tilnefna Kattavinafélagið og félagið Villiketti til viðurkenningarstyrkja upp á 100.000 kr hvort og Hundasamfélagið sem Dýraverndara ársins 2017. Rökstutt í bréfi.

**7. Halda málþing eða félagafund í vor?**

Stefnum á að halda afhendingu sbr. 6. lið í maí. Ath síðar með framsögu og efni.

**8. Önnur mál**

Tímaritið Dýraverndarinn dregst enn. En greinar berist prófarkalesara fyrir næsta fund.

Rætt að hafa meiri samskipti við Reykjavíkurborg vegna dýravelferðar. Sýnendur nota kyrkingartauma eða hengingarólar á sýningum hundaræktarfélaga, sem er ólöglegt. Senda fyrirspurn til HRFÍ um stefnu félagsins og eftirfylgni og hafa samband við Mast ef engin svör.

### **9. Kandídat til starfsins kemur í heimsókn.**

Þessum lið var frestað. Reynt verður að fá kandidatinn annað hvort miðvikudag fyrir páska, á skírdag eða á næsta fundi þar á eftir.

Fundi slitið 21:17

Næsti fundur er boðaður annað hvort miðvikudag fyrir páska eða á skírdag á miðjum degi.

---

## **Sjöundi (og sjötti) stjórnarfundur DÍS 2017-18, 26. apríl kl. 19-21:30**

Mættir Hallgerður formaður, Steindór gjaldkeri, Sif meðstjórnandi (um netið), Hanna og Guðfinna meðstjórnendur. Benedikt ritari kom ekki á fundinn. Hallgerður ritar fundargerð í fjarveru ritara Fundur hefst kl. 19:12

### **1. Fundargerð síðasta fundar (sjötta fundar) til samþykktar.**

Starfskandídat kom í heimsókn á sjötta fundi og stjórnin ræddi við hann. Engin fundargerð var rituð á þeim fundi.

### **2. Praktísk mál**

Framkvæmdum við húsnæði er að ljúka, eftir er að leggja dúk á bað, en búið að ganga frá rafmagnstöflu og salerniskassa og fleiru smáræði. Beiðni frá kaupendum/framkvæmdaraðilum um að stjórn DÍS samþykki breytingu á skipan bílastæða þannig að þeim fækki úr 17 í 6 á sérafnotarétti. Rætt. Stjórnin samþykkir ekki beiðnina. Við munum leita til lögfræðings og fá mat á réttarstöðu okkar gagnvart Reykjavíkurborg og þinglýstum sérafnotarétti sem virðist hafa verið settur rangt upp.

### **3. Blaðagreinar og bréf**

Engin bréf eða greinar að þessu sinni. Sif ætlar að þýða bréf til FEIF fljótlega.

### **4. Starfsmaður DÍS**

Konan sem kom til viðtals á síðasta fundi gat ekki tekið að sér starfið. Hallgerður er búin að fá tilboð frá ráðningarstofu og ræða við fleiri aðila, var bent á eina konu, mun leita hana uppi. Stjórn DÍS fjallar um málið og ákveður að leita frekar til verkefnisstjóra sem setti upp starfslýsingu um að auglýsa eftir starfsmanni og velja úr umsækjendum fyrir okkur nokkra til að ræða við. Hallgerður mun ræða við hana og fela henni þetta.

### **5. Bruninn hjá Dýrahjálpi Íslands**

Ákveðið að styrkja Dýrahjálpi Íslands um 200þús krónur vegna brunans.

### **6. Aðalfundur 2018 Félagsgjöld og hverjir gefa kost á sér áfram.**

Ákveðið að þeir félagar sem gerast styrktaraðilar greiði ekki félagsgjöld að auki, þ.e. að félagsgjöld séu innifalin og þá ekki innheimt. Jafnframt að þeir sem gerast styrktaraðilar en eru ekki félagar fyrir, ráða hvort þeir verði við það félagar í DÍS en það sé ekki sjálfgefið. Aðalfundur verður 29 maí kl. 20-22 í húsnæði félagsins. Hallgerður mun sjá um að boða til fundarins.

### **7. Önnur mál.**

Verklagsreglur fagráðs: Hallgerður sat fund fagráðs í fjarveru aðalfulltrúa og lagði þar til að fagráð setti sér verklagsreglur. Var það samþykkt. Hallgerður tók þar að sér að sjá um að halda utan um þá vinnu.

Ályktun vegna hvalveiða: finna rannsóknina og endurbirta fyrra álit DÍS. Hrafnaverðar: það þarf að

skoða hvað er verið að gera í því, finna tölur Hanna ætlar að gera það.

Fundi lýkur 21:25

---

## **Sjöundi - Áttundi stjórnarfundur DÍS 2017-18 fimmtudaginn 17. maí 2018 kl. 19-21:30**

Mætt eru Hallgerður formaður, Benedikt ritari (um netið), Steindór gjaldkeri og Guðfinna meðstjórnandi. Sif og Hanna meðstjórnendur höfðu boðað forföll. Hallgerður ritar fundargerð. Fundur hefst 19:10

**1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.** Lesin yfir og samþykkt.

### **2. Praktísk mál**

Tillaga Miðlunar að svarbréfi undrituðu af stjórn DÍS til þeirra sem segja upp styrktaraðild skoðuð og framunnin. Enn er beðið svars frá DÍ vegna erindis þeim sent fyrir nokkru. Ákveðið að ef ekki berst svar verði leitað til Dýralæknaskóla í Kaupmannahöfn (The Royal Veterinary and Agricultural University, Copenhagen – finna heiti. Ath jafnvel FVE álit). Húsnæðið: eftir er að setja lista við baðherb og slökkvara á bað, svo er þetta komið. Hallgerður hafði rætt við félagið Almannaheill og kynnti það; ákveðið var að DÍS gerðist aðili að því, enda unnið að framgangi félaga í almannaheillastörfum.

**3. Blaðagreinar og bréf.** Engin að þessu sinni.

### **4. Safn mynda og myndskreiða vegna minkaveiða með hundum, ath að kæra.**

Ákveðið að halda áfram að safna, þurfum skýr gögn. Tala við lögfræðing með leiðsögn um kæru til lögreglu. Láta reyna á að kæra beint til lögreglu með fullnægjandi gögnum um að hundar séu látin drepa minka. Einnig m.t.t. álits Umboðsmanns Alþingis síðar, þ.e. ef lögreglan hafnar kærurni. Verði því prófmál um hvort hægt sé að kæra beint til lögreglu (pyntingar á dýrum).

### **5. Starfsmaður DÍS frh.**

Verkefnisstjóri gerði auglýsingu, er lesin og framunnin. Viljum hafa beint g-mail fyrir umsóknir. Benni ætlar að athuga með endinguna (at)dyravernd, annars verði það umsóknirdyravernd (at)gmail.com. Hafa umsóknarfrest til 10. júní birta fyrst á vettvangi Almannaheilla og DÍS og auglýsa svo á job.is ef þarf.

### **6. Dýrahjálpar Íslands staða og frekari stuðningur**

Rætt um mikilvægi dýraathvarfs og þess að styðja við Dýrahjálpar. Ákveðið að byrja þegar með fasta styrki til félagsins í ljósi alvarlegrar stöðu með framtíð þess. Rætt um hlutföll og ákveðið að miða við 20% fastan styrk af nettó innkomu, gera samning miðað við 6 mánaða uppsagnarfrest og um að fénu sé varið til reksturs dýraahvarfs samkvæmt lögum Dýrahjálpar Íslands. Stjórnin telur rétt að miða við að leggja fast framlag í Hjálparsjóð dýra á vegum DÍS við 10-15% af innkomu við stofnun hans þegar innkoma er orðin meiri. En mestur hluti tekna fari í að kosta starfsmann. Við köllum okkur bakhjarl/bakland Dýrahjálpar eða stuðningsaðila.

### **7. Aðalfundur 2018 framhald.**

Fundastjóri og fundaritari, vantar er í athugun. Lagabreytingartillaga á vegum stjórnar verði: í stað 9. gr. (...) Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert., verði: (...) Aðalfund skal halda fyrir lok maí ár hvert. Benni ætlar að athuga með fundastjóra.

### **8. Önnur mál**

Rætt um fagråd og starfsreglur þess. Guðfinna hefur safnað upplýsingum vegna hvalasafns í Vestmannaeyjum. Framhald síðar. Dýradráp tengt íþróttaviðburðum rætt.

Fundi slitið kl. 21:25 Næsti fundur er þriðjudaginn 22. maí kl. 19-21:30.